



# Hvernig falla föll í gleymsku?

Um andlagsfall og önnur föll  
í vesturíslensku og í málstoli

Sigríður Mjöll Björnsdóttir  
og Höskuldur Þráinsson



# Skipulag

- „Hvernig falla föll í gleymsku?“  
Af hverju er þetta áhugaverð spurning fyrir málfræðinga og hverju tengist hún?
- Örlítið um „fallgleymsku“ og málstol
- Miklu meira um fallgleymsku og vesturíslensku



# Þrjár spurningar (eða fjórar)

Vinsælar spurningar að mati (sumra) málfræðinga (sbr. Chomsky 1996:3):

1. Hvað felst í því að kunna tungumál?
2. Hvernig öðlumst við þessa kunnáttu?
3. Hvernig notum við þessa kunnáttu?

Viðbót við 2 (eða sérstök spurning):

... og hvernig glatast hún?



# Málglötun

Tvenns konar „málglötun“:

- málnotandi missir (snögglega) tók á máli sínu við málstol (e. *aphasia*) eða málfræðistol (e. *agrammatism*)
- málnotandi missir (smám saman) tók á (móður-)máli sínu af því að hann notar það lítið eða minna en það mál sem er ríkjandi í samfélagi hans (e. *language attrition*, hrörnun, „veðrun“)

Málfræðingar rannsaka hvort tveggja, bæði til að skilja þessi fyrirbæri sérstaklega og málkunnáttuna almennt — m.a. mörkin á milli **málkunnáttu** (e. *competence*) og **málbeitingar** (e. *performance*).



# Fallglötun

Tvenns konar fallglötun eða „fallgleymska“:

Hvað er það sem gerist — og hvernig gerist það — þegar:

- málnotandi missir (snögglega) tök á fallakerfi við málstol (e. *aphasia*) eða málfræðistol (e. *agrammatism*)
- málnotandi missir (smám saman) tök á fallakerfi móðurmáls síns af því að hann notar það lítið.

Getur rannsókn á þessu sagt okkur eitthvað um eðli fallakerfisins eða eðli málkunnáttunnar?



# Hvar kemur **fall** við sögu?

Fall kemur við sögu á ýmsan hátt í íslensku:

- Það tengist **formgerð** setninganna (strúktúr) og málfræðihlutverki setningarliðanna (frumlag, sagnfylling, andlag sagnar, andlag forsetningar...).
- Það tengist **merkingarhlutverki** setningarliðanna (gerandi er aldrei í aukafalli, andlag sem er viðtakandi er oftast í þágufalli ...)
- Það er **misjafnlega reglulegt** eða fyrirsegjanlegt (sbr. flokkun málfræðinga á falli í formgerðarfall, orðasafnsfall; reglufall, furðufall (óreglulegt...))
- Föllin eru **misjafnlega algeng** (eignarfall er t.d. sjadgæft sem fall á frumlagi, andlagi sagnar og andlagi forsetningar)



# Hvernig gæti „fallgleymska“ verið?

## Nokkrir möguleikar:

- Fallgleymska er **óregluleg** og því ekkert áhugaverð í sjálfu sér.
- Fallgleymska er **regluleg**, þ.e. sumar „tegundir“ falla eru líklegri en aðrar til að gleymast — t.d. það sem er óreglulegt eða ófyrirsegjanlegt.
- Það er ekki gefið fyrirfram að það séu tengsl á milli eftirtalinna atriða:
  - hvernig **fall gleymist** og þess hvernig málnotendur **tileinka sér fall** í móðurmáli eða öðru máli/erfðarmáli („ófullkomin tileinkun“, e. *incomplete acquisition*)
  - hvernig fall gleymist (glatast) hjá þeim sem tala **erfðarmál** um lengri tíma og þess hvernig **málstolssjúklingar** missa tök á falli
  - þess hvernig fall gleymist (glatast) **há einstaklingum** og hvernig fallmörkun lætur undan síga **í tungumálum** (t.d. færeysku, norsku ...) en það er áhugavert að vita hvort (og hvar) má finna tengsl



# Um mál(fræði)stol

**Málfræðistol** er ein tegund málstols (sjá t.d. Sigríði Magnúsdóttur 2005):

- stafar (aðallega) af skaða á Broca-svæði (í flestum málnotendum framarlega í vinstra heilahveli).
- lýsir sér þannig að sjúklingarnir eiga í erfiðleikum með tjáningu, sleppa gjarna ýmsum smáorðum (forsetningum, nafnháttarmerki, (lausum) greini), jafnvel fornöfnum og hjálparsögnum, nota stuttar og frekar einfaldar setningar og eiga í erfiðleikum með beygingar
- málskilningur í aðalatriðum eðlilegur

## **Dæmi um fræðilegar spurningar:**

Hafa málfræðistola málnotendur glatað málkunnáttu sinni að einhverju leyti eða eiga þeir erfitt með að nýta sér hana? Hvað er málkunnátta og hvað málbeiting?





# Um erfðarmál/upprunamál

- Með **erfðarmál/upprunamáli** (e. *heritage language*) er yfirleitt átt við móðurmál (L1) tvítyngdra málhafa sem búa á svæði þar sem annað mál er ríkjandi og þeir nota ríkjandi málið meira og hafa yfirleitt meira vald á því. Þetta eru oftast 2. eða 3. kynslóðar innflytjendur eða afkomendur innflytjenda á þessu svæði (sjá t.d. Bennamoun, Montrul og Polinsky 2010).
- Málið getur haft einkenni „venjulegs“ móðurmáls og annars máls. Vesturíslenska er erfðarmál í þessum skilningi.

## Dæmi um fræðilegar spurningu:

Ef sá sem talar erfðarmál hefur ekki fullt vald á því, stafar það þá af því að hann hafi aldrei lært það til hlítar (e. *incomplete acquisition*) eða af því að málkunnáttunni (eða málbeitingunni?) hafi hrakað (e. *attrition*)? Hvar eru mörkin? Hvað er líkt/ólíkt?



# Málfræðistolsgögnin

Öll frá *Toggu* sem var:

- málstolssjúklingur (með „málfræðistol“).
- réttthent, heilaskaði (blæðing) í vinstra heilahveli (Broca-svæði). Nokkur hægrihelftarlömun.
- 49 ára þegar rannsóknin var gerð en hafði orðið fyrir áfallinu um 10 árum áður og var í endurhæfingu á þessum tíma (sbr. Sigríði Magnúsdóttur og Höskuld Þráinsson 1990)





# Spá um fallanotkun Toggu

Algeng (en samt umdeild) skoðun:

- Málfræðistola sjúklingar hafa yfirleitt ekki glatað málkunnáttu sinni heldur eiga þeir oft erfitt með að nýta sér hana eða koma henni til skila. Því erfiðara sem formgerðin (strúktúrinn) er flóknari (sjá t.d. grein Sigríðar Magnúsdóttur 2005).

Spá byggð á þessari skoðun:

- Fallanotkun Toggu gæti verið talsvert óregluleg, þ.e. stundum rétt og stundum röng, kannski oftast rétt á frumlagi og sagnfyllingu (einfaldara, þar má nota „hlutlausasta fallið“, þ.e. nefnifall) en á andlagi sagnar og forsetningar.



# Dæmi frá Toggu

**Frásögn** (Rauðhetta, lýsing myndasögum eða myndum) — aðeins dæmi þar sem fall var alveg ótvírætt rétt eða rangt:

- **Rangt fall á frumlagi:**

- |      |   |        |
|------|---|--------|
| (T1) | Hann fór, <b>úlfinum</b> fór alla leið.     | þgf/nf |
| (T2) | Af hverju þá svo stór <b>augunum</b> á þér. | þgf/nf |
| (T3) | <b>muninn</b> stór, amma mín.               | þf/nf  |
| (T4) | <b>stólinn</b> er að detta                  | þf/nf  |

- **Rangt fall á sagnfyllingu:**

- |      |                                   |               |
|------|-----------------------------------|---------------|
| (T5) | Það er <b>fuglana</b>             | þf/nf         |
| (T6) | Og svo er það <b>þriðju mynd.</b> | þf eða þgf/nf |

Ath. að í (T6) er ekki ljóst að fallið á nafnorðinu sé rangt.



# Dæmi frá Toggu, frh.

- Rangt fall á andlagi sagnar:

(T7) Þá hittir hann **lögga** nf/þf

(T8) Sé á **blóminum** [= sjáðu blómin] Fl/þf

- Rangt fall á andlagi forsetningar:

(T9) Hann er undir **strákurinn** nf/þgf

(T10) er hérna í **bíll** nf/þgf

(T11) látti fullt af steinum í **maganum** á úlfinum þgf/þf

(T12) Hann er að fara fyrir **borgar** sinnar ef/þf

Ath. að það er ekki alltaf einfalt að túlka villur í forsetningarliðum, sbr. (T10) og (T12): Kannski er það forsetningin sem er vitlaus en ekki fallið!



## Rétt föll hjá Toggu

- Frumlag: rétt fall í 21 tilviki af 30: 70%
- Sagnfylling: rétt fall í 6 tilvikum af 8: 75%
- Andlag: rétt fall í 4 tilvikum af 6: 67%
  
- Forsetningarliðir: rétt fall í 9 tilvikum af 16: 56%

Sem sé: Forsetningarliðir einna erfiðastir samkvæmt þessu.

Ath. hins vegar að mjög mörg dæmi voru um „óljóst“ fall á andlagi sagnar (18 tilvik af 24 eða 75%) og andlagi forsetningar (23 af 39 eða 59%) en þetta var sjaldgæft þegar frumlag og sagnfylling áttu í hlut. Ástæðan er einkum samfall aukafallsmynda: *köku* = ?, *ömmu* = ?. Þarna gætu leynst fleiri „villur“ í andlagi so. og fs.

# Spá um fallanotkun í erfðarmáli

## Fjögur líkleg stig í reglulegri þróun

(sbr. t.d. Birnu Arnbjörnsdóttur 2006; Þórhall Eypórsson, Johannessen, Laake og Áfarli 2013; Höskuld Þráinsson o.fl. 2012):

0. „Allt rétt“ — þ.e. eins og hjá öðrum sem hafa málið að móðurmáli.
1. Mest rétt en einhver „**óregluleg**“ eða flókin föll láta undan (þolfall á frumlagi, óreglulegt þágufall á andlagi sagna, eignarfall á andlagi sagna og forsetninga („eignarfallsflótti“), önnur ófyrirsegjanleg föll á andlagi forsetninga...; líka e.t.v. merkingarleg alhæfing þágufalls ... (sbr. ísl.)).
2. **Rangar alhæfingar**, t.d. þolfall (hið sjálfgefna andlagsfall, formgerðarfall) alhæft á andlagi margra sagna, ruglingur á falli með forsetningum sem geta tekið tvö föll (sbr. *í* + þf./þgf., *á* + þf./þgf.), þágufall aðeins varðveitt þar sem það er merkingarlega sterkast (viðtakandi tveggja andlaga sagna, andlag (njótandi) ‘hjálpa’-sagna (sbr. þýska, færeyska). Veiklun á **fallvarðveislunni í þolmynd** og á eignarfalli **eignarfallseinkunna** (sbr. færeyska).
3. **Þágufall nánast horfið** nema kannski á fornöfnum, nefnifall (nafnorða) notað á andlagi sagna og forsetninga, fall (fornafna) ekki varðveitt í kjarnafærslu (sbr. norska).

Oft matsatriði hvað tilheyrir hverju „hrörnunarstigi“ (veðrunarstigi).



# Könnun á vesturíslensku vorið 2013

- Mikill einstaklingsmunur, þrátt fyrir að íslenska hafi verið fyrsta mál flestra eða allra málhafanna.
- Enska varð vanalega ráðandi málið þegar skólagangan hófst.
- Trúlega hægt að finna vitnisburð um öll „hrörnunarstigin“.

Sennilegt að „stöðugt ílag“ sé forsenda þess að málinu sé viðhaldið á fullorðinsaldri (þótt sumir væru ótrúlega góðir í íslensku þótt þeir segðust nánast aldrei nota hana).





# Dæmi úr vesturíslensku 2013

Dæmi sem passa við **fyrsta hrörnunarstig** (veðrunarstig):

- **Óregluleg fallmörkun** á undir högg að sækja vegna „rangrar“ setningafræðilegrar eða merkingarlegrar alhæfingar:

- (V1) fór til **Íslandi** þgf/ef  
(sbr. Birna A: frá þremur til fjórum ... mílur þgf/ef)
- (V2) ég er að tapa **málið** þf/þgf
- (V3) að heimsækja **mér** þgf/þf
- (V4) hann er að sleikja **honum** þgf/þf
- (V5) afgreiða **fólki** þgf/þf
- (V6) fóna **mér** (tökusögn —við hverju mátti búast hér?  
Sögnin *síma* er yfirleitt með þgf. og aldrei þf. í *Tímarit.is*)



# Dæmi úr vesturíslensku 2013, 2

Dæmi sem passa við annað hrörnunarstig:

(V7)	í <b>Bandaríkin</b>	þf/þgf
(V8)	bjó alveg nær <b>húsið</b>	þf/þgf
(V9)	Hann lítur í <b>skónum</b>	þgf/þf
(V10)	alveg fast við <b>dýrnum</b> [= dýrið]	þgf/þf
(V11)	Ég var gift <b>pennan mann</b>	þf/þgf
(V12)	var alltaf að kenna <b>mig</b> söngur	þf/þgf



# Dæmi úr vesturíslensku, 3

Dæmi sem passa við þriðja hrörnunarstig:

(V13) Afi kom frá **Laxárdalinn**

þf/þgf

(V14) Froskurinn er í **vatnið**

þf eða nf/þgf

(V15) Drengurinn er að kalla niður í **hola**

nf/þgf

## Óleyst mál:

- Þetta eru stök dæmi — ekki búið að greina mál einstakra málnotenda til þess að flokka málnotkun (fallanotkun) þeirra eftir stigum
- Það væri hægt að bera málnotkunina saman við ýmis „próf“ sem þessir málnotendur tóku.
- Við vitum ekki hvort eða hversu miklu betri í íslensku þessir málnotendur voru í bernsku (sbr. það sem sagði áður um ófullkomna máltileinkun vs. málhrörnun).



# Gögnin frá Sigurjónu

- 152 bréf (rúml. 82.000 orð), skrifuð á árunum 1907–1980:
  - 1.– 3. áratugurinn: 7 bréf, 4768 orð
  - 4. áratugurinn: 25 bréf, 12.324 orð
  - 5. áratugurinn: 7 bréf, 4.630 orð
  - 6. áratugurinn: 43 bréf, 26.690 orð
  - 7. áratugurinn: 51 bréf, 23.367 orð
  - 8. áratugurinn: 28 bréf, 9.915 orð

Frumrit bréfanna (á Héraðsskjalasafninu á Blönduósi), voru ljósmynduð sumarið 2013 og hafa verið skrifuð upp (SMB).



# Bakgrunnur Sigurjónu

- Fæddist íslenskum foreldrum á Nýju-Skíðastöðum skömmu fyrir aldamótin 1900.
- Foreldrar hennar fluttu á fertugsaldri til Vesturheims, þar sem þau eignuðust og ólu upp nokkur börn, sem öll settust að í Bandaríkjunum og Kanada.
- Lauk gagnfræðaprófi, vann um tíma á skrifstofu en var stóran part ævi sinnar heimavinnandi.
- Giftist manni af norskum uppruna, eignaðist með honum nokkur börn og bjó lengst af í Regina, Saskatchewan.
- Bréfin eru öll stíluð á sama viðtakanda, náinn ættingja á Norðurlandi.



# „Eignarfallsflótti“

Eignarfallið er það fall sem á fyrst og mest undir högg að sækja í bréfunum.

- Með forsetningum er oft notað þf. eða nf. (oft óljóst hvort heldur er):

- (S1)a. RJ og maður hennar fóru heim til **Island** (=?) (1907)  
b. Hann vildi ekki fara til **læknir** (=?) (1939)  
(en líka: fórum með hana til **læknirs** (ef.) (1938))  
c. Hitt brefið ætla jeg að senda til **Gunnar** (=?) (1938)  
d. Jeg hef tvisvar skrifað til **Akureyri** (=?) (1940)

## Eignarfallsflótti, 2

Þágufall er oft notað með *til* og *vegna*, t.d. á mörgum íslenskum staðarnöfnum (með *til*; þgf. orðið sjálfgefið þar?) en líka víðar:

(S2)a. þegar þú gast verið með okkur til **Ási** (8. áratugur)  
b. og fórum til **Blönduósi** næsta morgun (1955)

(S3)a. jeg sendi dálítin böggul til **þeirri** til Winnipeg (6. árat.)  
b. gátu ekki komið ... vegna **heimilis ástæðum**. (8. árat.)

Stundum er fallið óljóst (þf. eða þgf.):

(S4) að geta horfið til **ykkur** um þær mundir. (1930)

Og stundum kannski „rétt“ þótt það sé óhefðbundið:

(S5)a. Hún kemur hingað til **giftingu** þessar stúlku. (6. árat.)  
b. vegna dálítrar **breytingu** (8. árat.)



## Eignarfallsflótti, 3

Eru þetta dæmi um setningafræðilega rangt fall eða ranga fallmynd (þ.e. beygingarlega villu en ekki setningafræðilega)?

- (S6)a. **okkur** stúlkur eru vel gefnar (1942)
- b. pabbi **okkur** var líka hress og hraustur (1950)
- c. afi **okkur** (1950)
- d. Hjer á **okkur** heimili var boð (6. árat.)



# Eignarfallsflótti, 4

Eignarfallið lætur jafnvel undan síga í svokölluðum eignarfallssamsetningum:

- (S7)a. var ekki látin fara undir neinn **læknir skoðun** (1939)  
b. eftir öll þessi **hamingju óskum bref** (7. árat.)

Fáar sagnir taka eignarfallsandlag svo þar mætti búast við „eignarfallsflótta“. Sögnin *sakna* kemur víða fyrir í bréfunum og alltaf með (réttu) eignarfalli nema í einu tilviki undir lok bréfitunar. Sögnin *freista* kemur einu sinni fyrir og þá með þágufalli. Ath. líka hið sérkennilega (og óreglulega) orðasamband: *fara sinna ferða* notað með þgf. í stað ef.:

- (S8)a. Jeg sakna svo mikið **brjefunum** frá þjer (1974)  
b. jeg ekki kæra mig, freista **framm tíðinni** (1955)  
c. frjálsar að fara okkar **ferðum** sjálfum (1963)



# Þágufall fyrirferðarmikið sem andlag

Þágufall stundum notað þar sem tæplega er við því að búast af merkingarlegum ástæðum (þ.e. ekki er augljóslega um að ræða viðtakanda eða njótanda):

- (S9)a. Þú spurðir **mjer** um eitthvað (1965)
- b. Hún kemur að sjá **mjer** á hverjum degi (1967)
- c. Hún seldi **Ási** (sbr. áður um þgf. staðarnafna) (1958)
- d. Jeg hafði gaman af að fá **litlu vasa bókinni** (1955)
- c. og dugleg að ... frammkvæma “Hlín” og **öðru** (1957)
- d. margir hafa lofast til að kaupa **bókinni** (1966)

Notar líka þgf með *síma* eins og gert er á *Tímarit.is* (þegar ekki er notaður forsetningarliður, *síma til e-s*):

Hún símaði **mjer** hjer frá flugvellingum (1958)



# Varðveisla þágufalls í þolmynd

Þágufall er yfirleitt varðveitt í þolmynd:

- (S10)a. *bjóða* (3 dæmi): **Öllum “nursunum”** er boðið (1956)
- b. *heilsa* (1 dæmi): **Þjer** er hjartanlega biðið að heilsa (1908)
- c. *segja* (7 dæmi): **Mjer** er sagt að JJ sje á heilsuhæli (1955)
- d. *ráðleggja* (1 dæmi): **Mjer** er ráðlagt að ... (8. árat.)
- e. *gefa* (1 dæmi): silver dót sem **mjer** var gefið (1955)
- f. *mæta* (1 dæmi): **Henni** var mætt og ... (1969)
- g. *kenna um* (1 dæmi): Mánaga **börnum** var kent um ... (1938)
- h. *skipa* (1 dæmi\*): ef **bandarikja mönnum** er skipað á brott (1957)

\*Líka án varðveislu, sbr. næstu glæru!



# Þágufall ekki varðveitt í þolmynd

Þágufallið er þó ekki alveg alltaf varðveitt í þolmynd:

(S11) Ef **situ liðið** er skipað í burt  
þá verður ekki langt að líða að Russar komi inn (1957)

Ath. líka eftirfarandi dæmi með „lýsingarorðslegri“ (statískri)  
þolmynd (þ.e. lýsingarorðslega lýsingarhætti sem gætu hafist á ó-,  
sbr. *unpassives* í ensku):

(S12)a. **Mitt dagsverk** er líklega ekki lokið (1958)  
b. **Sú spurning** verður ósvarað í þessu lífi (1961)



# Frekari dæmi um ótraust þágufall

Óreglulegt (?) þágufall í frumlagssæti lætur sums staðar undan

(S13)a. *kvíða* (1 dæmi): mjer finst að **ekkert** sje að kvíða

b. *fækka* (2 dæmi): smá fækkar **þetta íslenska fólk** ... (1940)

... og svo er eitt dæmi um kjarnafærslu þar sem fall hefur e.t.v. skolast til (þf í stað þgf), en þó er ekki að vita hvernig það hefði verið „á sínum stað“:

(S14) **Vetlingana** skal jeg koma á sölu

(1940)



# Samantekt

Er eitthvað sameiginlegt með málstolsdæmunum og erfðarmálsdæmunum?

- Í báðum tilvikum virðast **forsetningarliðir** erfiðir viðfangs. Annars eru málstolsdæmin heldur fá til þess að hægt sé að draga miklar ályktanir af þeim.

Breytist (hrörnar) fallnotkun Sigurjónu líkt og spáð var (t.d. út frá þróun falls í nágrannamálunum)?

- Að **sumu leyti** a.m.k:
  - **eignarfallið** á í vök að verjast, bæði í forsetningarliðum, með sögnum og jafnvel sem eignarfallseinkunn (sbr. þróunina í færeysku)
  - **þágufall** er yfirleitt varðveitt í þolmynd (enda stendur þágufallið almennt sterkt)
  - **alhæfing þágufalls** er þó **meiri en búast mátti við**, þ.e. það virðist stundum alhæft nokkuð óvænt á kostnað þolfalls, og **alhæfing þolfalls er þá sjaldgæfari** en vænst var.



# Ritaskrá

- Benmamoun, Elabbas, Silvina Montrul og Maria Polinsky. 2010. White Paper: Prolegomena to Heritage Linguistics. [Greinina má finna á slóðinni [http://scholar.harvard.edu/files/mpolinsky/files/hl\\_white\\_paper\\_june\\_12.pdf](http://scholar.harvard.edu/files/mpolinsky/files/hl_white_paper_june_12.pdf)]
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2006. *North American Icelandic – The Life of a Language*. University of Manitoba Press, Winnipeg.
- Bréfasöfn Sigurjónu Bjarnadóttur*. Héraðsskjalasafn, Blönduósi.
- Chomsky, Noam. 1986. *Knowledge of Language – Its Nature, Origin and Use*. Praeger, New York.
- Herdís Þuríður Sigurðardóttir. 2002. *Fallmörkun í barnamáli: Hvernig læra íslensk börn að nota föll?* M.A.-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson, Hjalmar P. Petersen, Jógvan í Lon Jacobsen og Zakaris Svabo Hansen. 2012. *Faroese – An Overview and Reference Grammar*. 2. útg. Fróðskapur, Þórshöfn, og Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík. [Fyrst útg. 2004.]
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar – Handbók um setningafræði*, bls. 350–. Ritstj. og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.



# Ritaskrá

- Maling, Joan. 2002. Það rignir þágufalli á Íslandi. Verbs with Dative Objects in Icelandic. *Íslenskt mál* 24:31–105.
- Schmid, Monika. 2011. *Language Attrition*. Cambridge University Press, Cambridge.
- Sigríður Magnúsdóttir. 2005. Málstol, málfræðistol og setningafræði. *Setningar – Handbók um setningafræði*, bls. 656–670. Ritstj. og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Sigríður Magnúsdóttir og Höskuldur Þráinsson. 1990. Agrammatism in Icelandic: Two Case Studies. Lise Menn og Loraine K. Obler (ritstj.): *Agrammatic Aphasia – A Cross-Language Narrative Sourcebook*. Benjamins, Amsterdam.
- Þórhallur Eypórsson, Janne Bondi Johannessen, Signe Laake og Tor A. Áfarli. 2013. Dative Case in Icelandic, Faroese and Norwegian: Preservation and Non-Preservation. *Nordic Journal of Linguistics* 35(3): 219–249.